

Nd.

470. Frumvarp til laga

[219. mál]

um breyting á lögum nr. 8 22. marz 1972 um tekjustofna sveitarfélaga.

(Lagt fyrir Alþingi á 93. löggjafarþingi, 1972—1973.)

1. gr.

Í stað: „ársfjórðungslega“ í a-lið 9. gr. komi: „mánaðarlega“.

2. gr.

Á eftir 1. mgr. 14. gr. komi ný mgr. svo hljóðandi, en 2. mgr. verði 3. mgr.:

Nú eru ekki gerð skil á ársreikningum sveitarfélags sbr. 60. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58 29. marz 1961 og greiðist því sveitarfélagi þá ekki framlag samkv. 1. mgr. fyrir en skil hafa verið gerð.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Með lögum nr. 69 28. apríl 1962 um tekjustofna sveitarfélaga var ákveðið, að $\frac{1}{5}$ hluti söluskatts, sem innheimtur var í ríkissjóð, skyldi renna í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga. Söluskattur var þá innheimtur ársfjórðungslega. Í samræmi við það var svo ákveðið í tekjustofnalögum sveitarfélaganna, að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs skyldi greiðast ársfjórðungslega eftir á.

Nú hefur ákvæðum um greiðslu söluskatts verið breytt þannig, að hann er innheimtur mánaðarlega. Í samræmi við það er eðlilegt, að framlag ríkissjóðs til Jöfnunarsjóðs verði einnig greitt mánaðarlega. Í 1. gr. þessa frumvarps er lagt til, að svo verði gert.

Samkvæmt 59. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 58/1961 skal ársreikningum sveitarfélaga skilað til Hagstofu Íslands fyrir 31. júlí ár hvert. Ef misbrestur verður á þessu skal félagsmálaráðuneytið leggja fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir að afhenda reikningana fyrir tiltekinn dag, sem ráðuneytið ákveður. Þrátt fyrir þessi ákvæði eru jafnan nokkur sveitarfélög, sem ekki gera skil á ársreikningum sínum til Hagstofu Íslands eins og lög gera ráð fyrir. Þetta veldur Hagstofunni miklum erfiðleikum í sambandi við útgáfu hagskýrslna með sveitarsjóðsreikningum. Þar að auki torveldar þetta stjórnun þeirra sveitarfélaga, sem ekki ljúka ársuppgjöri sínu, svo sem lög mæla fyrir. Það er því nauðsyn ákvæða um skilafresti ársreikninga, sem reynast myndu betur en gildandi lagaákvæði.

Í 2. gr. frumvarpsins er því lagt til, að felld verði niður greiðsla á framlagi Jöfnunarsjóðs til þeirra sveitarfélaga, sem vanrækt hafa skil á ársreikningum innan þess frests, sem ráðuneytið setur þeim samkvæmt 60. gr. sveitarstjórnarlaganna. Í frumvarpsgreininni er að sjálfsögðu gert ráð fyrir því, að framlag Jöfnunarsjóðs verði innt af hendi þegar hlutaðeigandi sveitarfélag hefur gert skil á ársreikningum.